

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Andrésí Inga Jónssyni um sjálfkrafa skráningu samkynja foreldra.

1. *Hefur verið skoðað í ráðuneytinu að heimila sjálfkrafa skráningu samkynja foreldra sem eru í hjúskap eða í skráðri sambúð?*

Það hefur ekki komið til sérstakrar skoðunar í ráðuneytinu, en ráðherra hefur skipað þriggja manna nefnd, sífjalaganefnd, til þess að vinna að heildarendurskoðun á barnalögum, nr. 76/2003, og hjúskaparlögum, nr. 31/1993. Sífjalaganefnd tók til starfa síðastliðið haust og er ætlað að skila ráðherra drögum að lagafrumvörpum fyrir 1. september 2024.

2. *Hver er afstaða ráðherra til þess að heimila sjálfkrafa skráningu samkynja foreldra sem eru í hjúskap eða í skráðri sambúð?*

Ráðherra telur rétt að umrætt álitæfni skoðist heildstætt í tengslum við framangreinda endurskoðun á barnalögum.

3. *Telur ráðherra að eitthvað standi í vegi fyrir því að heimila sjálfkrafa skráningu samkynja foreldra sem eru í hjúskap eða í skráðri sambúð?*

Ef ákveðið verður að heimila sjálfkrafa skráningu samkynja foreldra sem eru í hjúskap eða skráðri sambúð kann að vera að taka þurfi m.a. til endurskoðunar nýlegar breytingar á barnalögum, nr. 76/2003, og lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, sbr. lög nr. 69/2023. Með þeim breytingum var einstaklingum heimilað að samþykka sameiginlega notkun á kynfrumum eða fósturvísu fyrir maka þrátt fyrir skilnað, eða eftir atvikum notkun eftirlifandi maka á kynfrumum eða fósturvísu, í stað skyldunnar til að eyða kynfrumum eða fósturvísu ef svo bæri undir að annar aðilinn andaðist eða hjúskap eða sambúð aðila lyki. Í barnalögum er gert ráð fyrir að fyrir maki í slíkum tilvikum teljist foreldri viðkomandi barns, en ekki núverandi maki þess sem gekkst undir tæknifrjóvgun ef svo háttar til að sá sem gekkst undir tæknifrjóvgun hafi gengið í hjúskap eða skráð sig í sambúð með nýjum maka. Að öðru leyti er vísað til svars við 2. tölul. fyrirspurnarinnar um að ráðherra telji rétt að skoða umrætt álitæfni heildstætt í tengslum við endurskoðun á barnalögum.